

**141. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 23. október 2023 kl. 16.30 á Höfða**

**Stjórnarmenn:**

Einar Brandsson formaður  
Björn Guðmundsson varaformaður  
Elsa Lára Arnardóttir  
Helgi Pétur Ottesen  
Aldís Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna

**Starfsmenn:**

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri  
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

**Dagskrá:**

**1) Vistunarmál**

Staðfest vistun fyrir einn einstakling, sjá trúnaðarbók.

**Staða á biðlistum 18.10.2023:**

Hjúkrunarrými: 39 einstaklingar.

Dvalarrými: 7 einstaklingar (dvalarrými ekki lengur í rekstri á Höfða).

Hvíldarinnlagnir: 40 einstaklingar.

**2) Fjárhagsáætlun 2024**

Samkvæmt framlagðri áætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Höfða nemi 1.654,4 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta nemi 1.574,4 mkr. Afskriftir nemi 32,4 mkr. og fjármagnsliðir nemi nettó 46,5 mkr. Aðrir liðir nemi 94,7 mkr. Hagnaður af rekstri án annara liða nemi 1 mkr. en með öðrum liðum nemi tap 93,7 mkr. Handbært fé til rekstrar nemi 65,7 mkr. og fjármögnunarhreyfingar nemi nettó 198 mkr. Hækkun á handbæru fé nemi 132,2 mkr. og að handbært fé í árslok verði 227,8 mkr.

Lögð fram til fyrri umræðu ásamt greinargerð framkvæmdastjóra.

**3) Fjárhagsáætlun 2025-2027**

Lögð fram til fyrri umræðu.

**4) Gjaldskrá Höfða**

Stjórn Höfða samþykkir framlagðar tillögur framkvæmdastjóra um nýja gjaldskrá:

a) Verð á útseldu fæði frá Höfða vegna heimsendingar á matarbökkum, Dalbraut 4 (eldri borgarar) og til kostgangara. Verð pr. máltíð hækkar úr kr. 1.274 í kr. 1.443.

b) Gjald á útseldu fæði til starfsmanna Akraneskaupstaðar hækkar úr kr. 1.750 í kr. 1.982 pr.máltíð.

Hækkanir taka gildi frá og með 1. janúar 2024.

Jafnframt samþykkir stjórn Höfða breytingu á gjaldskrá vegna útleigu á Höfðasal:

<u>Leiga um helgar og á rauðum dögum:</u>	<u>var</u>	<u>verður</u>	<u>breyting</u>
án eldhúsaðgangs og aðstoðarmanneskju	30.000	41.000	11.000
með eldhúsaðgangs og aðstoðarmanneskju	50.000	68.000	18.000

  

<u>Leiga á virkum dögum:</u>	<u>var</u>	<u>verður</u>	<u>breyting</u>
án eldhúsaðgangs og aðstoðarmanneskju	20.000	27.000	7.000
með eldhúsaðgangs og aðstoðarmanneskju	40.000	55.000	15.000

Núverandi gjaldskrá hefur ekki tekið breytingum frá 1.1.2017.  
Hækkanir taka gildi frá og með 1. janúar 2024.

Auk þess samþykkir stjórn framlagða tillögu um endurskoðun á leigusamningum vegna aðstöðu á Höfða.

**5) Fundargerðir framkvæmdanefndar, dags. 4.9. og 18.9.23**  
Lagðar fram.

**6) Önnur mál**

**Starfsmannamál**

- Beiðni um launalaust leyfi sjá trúnaðarbók  
Stjórn Höfða samþykkir beiðnina.
- Trúnaðarmál  
Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10

Einar Bráðsson  
Elsa Lára Arnósdóttir  
Júlíu Þórunn Ólafsson  
Olíva Tugurbjörg Gunnarsdóttir  
Aldis Þorbjörnsdóttir  
Björk Guðmundsdóttir  
Vindr Vindr